

Ný stefnuýfirlýsing um nám fullorðinna á 21. öldinni

Samantekt á helstu atriðum

Evrópusamtök um fræðslu fullorðinna (EAEA) leggja áherslu á í stefnuýfirlýsingu sinni að byggja upp lærdóm í Evrópu þar sem nám og þekking eru í forgrunni (e. a Learning Europe): Að Evrópa geti mótað framtíðina á jákvæðan hátt og með þeirri hæfni, þekkingu og færni sem til þarf. Aðildarfélögin 120 í 43 löndum hvetja til sameiginlegs átaks til að takast á við áskoranir samtímans í gegnum nám og fræðslu fullorðinna.

Í stefnuýfirlýsingunni er dregið fram hvernig nám og fræðsla fullorðinna umbreytir lífi og samfélögum – eflir sjálfstraust, félagsleg tengsl, bætir heilsu og margt fleira. Enn fremur er bent á gleðina sem felst í námi og áhersla lögð á gildi þess sem hluta af lífi allra.

Byggjum upp öfluga Evrópu þar sem nám eflir og veitir öllum styrk og ánægju!




Friður og lýðræði

Nám og fræðsla fullorðinna skapar öruggt umhverfi til að þróa virka borgaravitund. Fullorðinsfræðsla á sér langa hefð í að byggja brýr, tengja fólk þvert á landamæri og stuðla að sátt og sáttamiðlun.



Sjálfbærni og græn umbreyting

Nám fullorðinna veitir einstaklingum færni og þekkingu til að styðja við sjálfbærni. Það skapar vettvang fyrir fræðslu, umræðu og skapandi lausnir til að þróa nýjan lífsstíl, verkefni og aðferðir sem eru nauðsynlegar fyrir græna umbreytingu og sjálfbæra þróun.



Vellíðan og seigla

Þátttaka í námi gefur fullorðnum tækifæri til að tileinka sér mikilvæga færni sem snýr að vellíðan og seiglu, til að taka stjórn á eigin lífi og stuðla að persónulegum og samfélagslegum breytingum. [Rannsóknir](#) sýna að það eykur sjálfstraust og trú á eigin getu.



Co-funded by
the European Union



EUROPEAN ASSOCIATION FOR
THE EDUCATION OF ADULTS



Lífsleikni

Nám fullorðinna eflir lykilfærni eins og lestur og reikning sem og stafræna hæfni, tungumál og aðra nauðsynlega leikni á borð við fjármálalæsi, heilsuvitund og fjölmiðlalæsi.



Inngilding, valdefling og samfélagslegt réttlæti

Nám fullorðinna gegnir lykilhlutverki í að efla félagslegt réttlæti, fagna fjölbreytileika og stuðla að inngildingu. Það veitir einstaklingum sem standa höllum fæti tækifæri til að bæta menntun sína, auka atvinnumöguleika og bæta lífsgæði.



Atvinnulíf og vinna

Lærdómsfúsir starfsmenn eru skapandi og afkastamiklir. Nám fullorðinna styður einstaklinga við að þróa nýja færni og hæfni, efla sig faglega og auðvelda inngöngu á vinnumarkaðinn eða efla framgöngu á vinnumarkaði.



Stafræn umbreyting

Nám fullorðinna brúar stafrænan ójöfnuð með því að kenna nauðsynlega stafræna færni sem eflir atvinnuhæfni og ýtir undir samfélagslegra þátttöku. Stafræn færni er nú þegar og mun í auknum mæli verða nauðsynleg fyrir virka þátttöku í samfélaginu, kennslu og framtíðina.



Lýðfræðilegar breytingar og flutningar fólks

Nám fullorðinna eflir virkni á efri árum með því að viðhalda vitrænum og félagslegum færniþáttum eldra fólks. Fræðsla fullorðinna veitir einnig aðgengi að menntun fyrir innflytjendur og umsækjendur um alþjóðlega vernd, sem styður við inngildingu þeirra að nýju samfélagi.



Fullorðinsfræðsla, menntun og evrópsk og alþjóðleg stefnumál

Nám fullorðinna er lykilþáttur í því að ná evrópskum og alþjóðlegum stefnumarkmiðum. Fræðsla fullorðinna stuðlar að framþróun m.a; á atvinnumarkaði, í nýsköpun, jafnréttis, félagslegrar samheldni, á virkri borgaravitund, á útrýmingu fátæktar, í loftslagsmálum, innflytjendamála, friðar og fleiru.

Stefna EAEA og tilmæli

- Viðurkennir ávinning og mikilvægi óformlegs náms og fræðslu fullorðinna fyrir einstaklinga, samfélög og þjóðfélagið – í þágu lýðræðis, vinnumarkaðar, heilbrigðiskerfis og annarra lykil þátta.
- Viðurkennir að helstu áskoranir sem Evrópa stendur frammi fyrir verði ekki leystar án náms og fræðslu fullorðinna.
- Viðurkennir að nám og fræðsla fullorðinna er pólitískt forgangsatriði í Evrópu.
- Viðurkennir að hugtakið "færni" felur í sér nám fyrir bæði vinnu og almenna lífsleikni.
- Nýtir evrópska fjárhagsárið (European Semester) sem lykiltæki til að styðja við og þróa nám fullorðinna.
- Gera menntaumhverfi Evrópu (European Education Area) að raunverulegu evrópsku símenntunarsvæði þar sem allir menntageirar njóta jafnrar stöðu og forgangs.
- Nálgast Evrópustoð félagslegra réttinda (European Pillar of Social Rights) út frá borgaramiðaðri sýn með sterkri áherslu á símenntun – nám alla ævi.
- Stuðla og styðja samstarf um símenntun í Evrópu og öðrum heimshlutum.
- Efla samskipti, samvinnu og lærdóm á sviði stefnumörkunar, framkvæmdar og rannsókna.
- Koma á og/eða auka borgaralegt samráð um nám fullorðinna og styðja félagasamtök sem starfa á þessu sviði.
- Þróa og innleiða viðeigandi stjórnkerfi og fjármögnunarmöguleika til að tryggja aðgengi, gæði og aukna þátttöku í símenntun.

- Fjárfesta skal nægilega í fullorðinsfræðslu og líta á það sem fjárfestingu en ekki kostnað.
- Koma þarf á samræmdu kerfi fyrir nám alla ævi sem gerir einstaklingum kleift að þróast, meðal annars með viðurkenningu og staðfestingu á fyrri námi og færni.
- Fjármagna og styðja við nám í samfélaginu og nærumhverfi.
- Skapa fjárhagslega hvata fyrir símenntunarstofnanir til að þróa og bjóða upp á námskeið um loftlagslæsi fyrir fullorðna.
- Stuðla að fræðslu um loftlagsmál sem efla fullorðna til að grípa til raunhæfra aðgerða gegn loftslagsbreytingum í samfélaginu.
- Styðja við samfélagsverkefni sem virkja fullorðna í sjálfbærni-verkefnum.
- Tryggja stöðuga starfsþróun fullorðinsfræðslu kennara/leiðbeinanda, með áherslu á kennslufræði sem stuðlar að umbreytingu, lýðræði og friði.
- Styðja við samstarf símenntunaraðila og leiðsagnarverkefni til að miðla fyrirmyndar verkefnum og nýsköpun í námi fullorðinna.

